

122. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, þriðjudaginn 1. mars, kl. 10:00.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson

1. Ársreikningur 2004.

Endurskoðaður ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands lagður fram og samþykktur af stjórn. Heildartekjur árið 2004 voru 72.090.696 - krónur. Rekstrarhagnaður var 16.490.545 - Eignir alls 115.632.499 - og eigið fé samlagsins 104.205.446 -.

2. Fjárhagsáætlun.

Guðmundur kynnti fjárhagsáætlun 2005 og var hún samþykkt.

3. Málafni Förgunar – sláturúrgangur.

Farið yfir stöðu mála. Ekki talin ástæða til að taka til endurskoðunar reglur um móttöku á sláturúrgangi sem nú eru í gildi.

4. Svæðisáætlun.

Haldnir hafa verið tveir fundir hjá verkefnisstjórn, unnið er að gagnasöfnum og miðar því starfi ágætlega. Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir 1 og 2. Ákveðið að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verði fulltrúi Sorpstöðvar Suðurlands ásamt Guðmundi Tryggva Ólafssyni í verkefnisstjórn vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar. Ágúst Ingi Ólafsson verður varamaður.

5. Deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.

Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus 6. janúar um frestun framkvæmda við lækkun urðunareina, lagt fram til kynningar.

Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus 2. febrúar um heimild til að vinna áfram deiliskipulag við Kirkjuferjuháleigu, lagt fram til kynningar.

Tíma- og kostnaðaráætlun frá Landmótun kynnt.

6. Bréf frá UST.

Niðurstaða eftirlits móttækin 1. febrúar. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Nýr urðunarstaður.

Í fundargerð frá 8. nóvember 2004, lið 5 kemur fram vilji Sorpstöðvar Suðurlands til að hefja viðræður við önnur Sorpsamlög um samstarf við undirbúning að nýjum urðunarstað.

Lögð fram minnisblöð um undirbúningsvinnu við leit að nýjum urðunarstað.

Stjórn samþykkir að taka þátt í samvinnu við Sorpeyðingu Suðurnesja og Sorpu um val á nýjum urðunarstað.

8. Bréf frá Fræðsluneti Suðurlands.

Stjórnin tekur vel í ósk Fræðslunets Suðurlands um stuðning við ráðstefnuna “ Náttúran í ríki markmiðanna”. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Fræðslunetið og afla frekari upplýsinga.

Bls. 1

9. Aðstöðusamningur við SASS.

Kynntur samningur við SASS um skrifstofuþjónustu og aðstöðu á Austurvegi 56, 2.hæð.
Samningur samþykktur.

10. Annað.

Plastmótun, málefni fyrirtækisins kynnt.

Heyrúlluplast. Möguleikar um ráðstöfun rúlluplasts ræddir.

Vistakstur. Starfsmenn Sorpstöðvarinnar hafa tekið námskeið í vistakstri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.

Einar Njálsson

Ágúst Ingi Ólafsson

Orri Hlökkversson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson